



Ársskýrsla
2005



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Efnisyfirlit

Inngangur	2
I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2005	3
Almennt	3
Þjónusta	3
Samstarf	3
Ríkisstofnun til fyrirmyndar	4
Rekstur	4
Kjarnastarfsemi	5
1. Löggæsla	5
1.1. FML	5
1.2. Umferðarefirlit	5
1.3. Útlendingar	6
1.4. Eftirlit lögreglunnar á Ísafirði með vörslu skotvopna og skotfæra	6
1.5. Menntun	7
1.6. Forvarnir	7
1.7. Lögreglumál	7
2. Almenn umboðsstörf	9
2.1. Þinglýsingar	9
2.2. Sifjamál	9
2.3. Aðfarargerðir	9
2.4. Nauðungarsölur	9
3. Innheimta opinberra gjalda	9
4. Tollur	9
5. Tryggingastofnun	9
II. Tölulegar upplýsingar	10
1. Lögreglan	10
Sektarboð áranna 2002 til 2005	13
2. Almenn umboðsstörf	14
2.1. Þinglýsingar	14
2.2. Aðfarargerðir	14
2.3. Nauðungarsölur	14
2.4. Sifjamál	15
2.5. Dánarbú	16
2.6. Hjónavígslur	16
2.7. Lögbókandagerðir	16
3. Innheimta	17
4. Tollur	17
5. Umboð tryggingastofnunar á Ísafirði	19

Inngangur

Þessi fjórða ársskýrsla embættis sýslumannsins á Ísafirði er nú birt eingöngu með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættisins á www.logreglan.is. Framsetningin er með öðrum hætti en fyrr, þar sem að meginstefnu til verður gerð stuttlega grein fyrir helstu þáttum í starfseminni í upphafi, en í öðrum kafla er settur fram tölulegur samanburður á milli ára. Undantekning á þessu skipulagi er rekstrarkaflinn, sem settur er fram í upphafi umfjöllunar.

Dómsmálaráðuneytið og sýslumaðurinn á Ísafirði gerðu með sér árangursstjórnunarsamning þann 23. janúar 2004, til þriggja ára og fer að hylla undir lok hans þegar þetta er ritað. Helsti árangurinn af samningnum til þessa eru markvissari vinnubrögð, nánari tengsl embættisins við dómsmálaráðuneytið og fyrst og fremst nýttist samningurinn sem vegvísir eða varða í daglegu starfi.

Miklar breytingar standa fyrir dyrum, svo sem breytingar á lögregluumdæmum og tollumdæmum og breytt inntak sýslumannsembætta. Þá hefur sýslumaðurinn á Ísafirði sóst eftir frekari verkefnum, meðal annars þinglýsingum skipa á landsvísu, en frumvarp þess efnis hefur ekki fengið efnislega úrlausn. Ársverkum á skrifstofu hefur heldur fækkað, fyrst og fremst vegna tækninýjunga.

Á heildina litið verður að telja að árið 2005 hafi verið friðsælt í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði og ber að þakka það. Síðast en ekki síst ber að þakka starfsmönnum embættisins fyrir öflugt starf og ánægjulegt samstarf á árinu 2005.



Við veiðiefirlit á Ströndum ásamt starfsmönnum LHG

I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2005

Almennt

Járnsíða hóf námskeiðshald sitt á árinu 2005 og verður að telja það mikilvægt nýmæli í starfsemi sýslumanna. Starfsmannasamtöl fóru fram og voru grundvöllur ýmissa umbóta í starfseminni. Heilsustefna embættisins fór í gang, starfsmannaskipti fóru fram og markviss þekkingarstjórnun átti sér stað í flestum þáttum starfseminnar. Nemendur í viðskiptadeild Háskólans á Akureyri gerðu örkönnun á þekkingarstjórnun hjá embættinu, sem þeir skiluðu í apríl 2005. Alls tóku 91% starfsmanna þátt í könnuninni og þýðið því marktækt. Niðurstöður könnunarinnar voru á þann veg að könnunin kom mjög vel út fyrir embættið og að mikið og gott starf hafi farið frá hjá embættinu að þessu leyti. Ekki tókst að ljúka endurskoðun starfslýsinga á árinu, en unnið var í því verkefni.

Þjónusta

Tungumálanámskeiðin héldu áfram, en í upphafi árs 2005 var kennd pólska og enska og gerðir orðalistar með einföldustu orðum til að auðvelda samskipti við einfaldar afgreiðslur.

Hugbúnaði vegna skjalastjórnunar er enn áfátt hjá embættinu, en vonir standa til að úr því verði bætt með vísan til þess að dómsmálaráðherra hefur undirritað þróunar- og samstarfssamning um Gopro málaskrákerfi og einhver embætti hafa þegar hafið þróunarverkefni með hið nýja kerfi. Ferlar eru nú til í flestum málaflokkum á sýsluskrifstofu og vísir að handbók er nú til hjá lögreglu.



Frá borgarafundi á Þingeyri

Nauðsynlegt er að fá betri upplýsingar um afstöðu íbúa umdæmisins með þjónustukönnunum, en slíkar kannanir hafa ekki verið gerðar enn sökum kostnaðar. Haldinn var borgarafundur á Þingeyri í marsmánuði 2005 og var ánægjulegt að eiga kost á að heyra sjónarmið þeirra sem við þjónum, milliliðalaust og á almennum nótum. Fundurinn fjallaði að mestu um löggæsluna.



Frá borgarafundi á Þingeyri

Samstarf

Samstarf við stofnanir og félög innan umdæmis sem utan gekk mjög vel, en sérstaklega má hrósa Lögregluskólanum fyrir gott og metnaðarfullt starf og Starfsmennt fyrir Járnsíðuverkefnið. Loks skal nefnt sérstaklega, að samstarf í almannavarnanefnd hefur gengið vel, enda á þar sæti reynslumikið fólk. Má nefna að töluverð snjócoma varð í janúar 2005 og þurfti að rýma íbúðarhús á svæðinu sem síðar urðu fyrir flóði. Telja verður að þakka megi snarræði almannavarnanefndar, með atbeina Odds Péturssonar, snjóflóðaeftirlitsmanns Veðurstofu Íslands, að ekki urðu slys á fólki.

Ríkisstofnun til fyrirmyndar

Í febrúar árið 2006 barst bréf frá fjármálaráðuneytinu um að sýslumannsembættið á Ísafirði hafi verið tilnefnt sem ríkisstofnun til fyrirmyndar. Embættið hlaut ekki verðlaun, en vakin er athygli á umsögn matsnefndar þar sem segir meðal annars: "Á síðustu fjórum árum hefur farið fram umfangsmikil vinna við stefnumótun hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði. Henni er fylgt eftir með vandaðri áætlanagerð, mælanlegum árangursmarkmiðum og víðtæku umbótastarfi, sem miðar ekki síst að því að mæta þörfum og væntingum notenda og bæta tengslin við þá. Áhersla á sveigjanleika í nýtingu mannafla og viðleitni til að koma til móts við íbúa af erlendum uppruna vöktu sérstaka athygli nefndarinnar. Til fyrirmyndar er hversu mikil áhersla hefur verið lögð á að virkja starfsfólk til þátttöku í því að þróa og bæta starfsemina, með því meðal annars að tengja þróunarstarfið menntunarmálum starfsfólks og breyta hugarfari þess". Tilnefningin er sérstaklega ánægjuleg í ljósi þess að hún var eitt af markmiðunum sem sett var fram í stefnumótun embættisins árið 2004 og þar sem hún varðar fyrri ár, er greint frá þessu í ársskýrslu sem gefin var út 2005.

Rekstur

Tekjuafgangur varð á árinu 2005 og nam hann tæpum 2,8 milljónum króna. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir fjárhagsstöðu embættisins á árinu 2005.

Rekstrarreikningur 2005	Reikningur 2004	Reikningur 2005	Fjárheimildir
Tekjur			
Sértekjur	2.797.892	2.626.942	
Tekjur samtals	2.797.982	2.626.942	
Gjöld			
101 Yfirstjórn	61.540.283	66.758.667	
120 Löggæsla	94.032.560	95.738.886	
Gjöld samtals	162.795.332	171.061.430	
140 Tollgæsla	7.222.489	5.936.935	
Tekjur umfram gjöld	-159.997.350	168.434.488	171.206.339
Framlag ríkissjóðs	163.249.000	171.209.339	171.209.330
Tekjuafgangur/-halli	3.251.000	2.774.851	

Efnahagsreikn. 31. des. 2005	Reikningur 2004	Reikningur 2005	
Eignir			
Inneign hjá ríkissjóði	5.824.278	6.677.002	
Skammtímakröfur aðrar	3.531.375	3.125.695	
Handbært fé	1.148.198	1.555.634	
Eignir/veltufjármunir samtals	11.203.851	11.358.331	
Skuldir og eigið fé			
Breyting v. lokafjárlaga	533.689		
Tekjujöfnuður ársins	3.251.650	-1.010.488	
Eigið fé/höfuðstóll í árslok	3.785.339	2.774.851	
Skammtímaskuldir			

Yfirdráttur á bankareikn.	14.169	
Aðrar skammtímaskuldir	7.404.343	8.583.480
Skuldir/skammtímaskuldir samt.	7.418.512	8.583.480
Skuldir og eigið fé samtals	11.203.851	11.358.331

2005	Í milljónum króna	%
Yfirstjórn	66.758.667	39,6
Lögregla	95.738.886	56,8
Tollgæsla	8.936.935	3,6
Samtals	168,4	100

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi sýslumannsins á Ísafirði er sem fyrr; 1. Löggæsla, 2. Almenn umboðsstörf, 3. Tollur, 4. Innheimta og 5. Starfsemi tryggingaumboðs. Verður gerð stuttlega grein fyrir hverju og einu sviði hér á eftir, en eins og fram hefur komið verða settar fram tölulegar upplýsingar síðar í þessu skjali.

1. Löggæsla

Helstu áherslur lögreglunnar á Ísafirði á árinu 2005 voru sem fyrr fíkniefnaeftirlit, umferðareftirlit og eftirlit með útlendingum

1.1. FML

Lögreglan tengdist fjarskiptamiðstöð lögreglu 1. september 2005, en dómsmálaráðherra veitti sérstaka fjárveitingu til tækjakaupa í heimsókn sinni vestur í árslok 2004. Tengingin við fjarskiptamiðstöð lögreglu hefur gerbreytt löggæslumöguleikum okkar, þar sem allir tiltækir lögreglumenn geta nú farið á vettvang ef þess þarf og FML svarar erindum, en áður sat varðstjóri inni á stöðinni og stjórnaði þaðan, oft reynslumesti lögreglumaðurinn á vaktinni. Bætt tetrasamband mun auka enn frekar á sveigjanleika lögreglu og standa vonir til að úrbætur verði gerðar hið fyrsta, í ljósi þess að lögreglulið á Vestfjörðum munu sameinast um næstu áramót.

1.2. Umferðareftirlit

Á árinu var markvisst unnið að eftirliti með umferð í umdæminu. Eftirlitinu var m.a. stýrt þannig að settir voru upp eftirlitspóstar víðsvegar um umdæmið, jafnt við þjóðveginn sem og við götur þéttbýliskjarnanna. Verklag við þetta sértæka umferðareftirlit fór þannig fram að umferð var skráð nákvæmlega, t.a.m. hversu mörgum ökutækjum var ekið hjá, hversu mörg afskipti voru viðhöfð, hversu mörg brot kærð o.s.frv. Mælingar á hraðakstri voru t.d. þannig gerðar að mælt var á tilteknum stöðum í fyrirfram ákveðinn tíma. Hraði allra bifreiða skráður sem og hæsta og lægsta gildi og reiknaður út meðalhraði. Upplýsingar þessar eru svo skráðar í lögreglukerfið (LÖKE). Með tímanum og endurteknum mælingum, á öllum tímum, verður svo til gagnagrunnur yfir umferðarhraða á þessum tilteknu stöðum, m.t.t. umferðarþunga, álagstíma og fleiri þátta. Með þessum hætti má sjá hvernig þróun umferðarinnar er og eru mælingar sem þessar gott tæki til þess að gera löggæsluna verkefnaþæðri og þannig má stýra löggæslunni þangað sem hennar er raunverulega þörf. Ókosturinn við uppbyggingu gagnagrunns sem þessa er fámennið. Þannig þarf margendurteknar mælingar á hverjum stað svo niðurstöður verði sem nákvæmastar og þannig byggjandi á til framtíðar. Sem dæmi um árangursmælingar í umferð má nefna eftirlit með ökuhraða í Vestfjarðagöngum. Á árinu hafa verið gerðar þar mælingar, á misjöfnum tímum, og sýna niðurstöðutölur að meðalhraði í jarðgöngunum undir Breiðadal- og Botnsheiði er mjög nálægt lögmæltum hámarkshraða eða 61,26 km/klst. hámarkshraði í göngunum er 60 km/klst. Úrtakið nær yfir þriggja mánaða tímabil og var 15 klst varið í mælingar á tímabilinu. Á árinu voru 36 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur í göngunum og var meðalhraði þeirra 85 km/klst. Sá sem hraðast ók mældist á 101 km/klst. Með tilkomu TETRA fjarskiptakerfisins, í göngunum, er lögreglunni nú mögulegt að sinna þar markvissu eftirliti enda fjarskiptasamband við fjarskiptamiðstöð lögreglu tryggt með þessum hætti.



Veid eftirlisferð með þyrllu LHG

1.3. Útlendingar

Þrír lögreglumenn, þar af tveir hjá lögreglunni á Ísafirði og einn frá Bolungarvík, unnu verkefni um útlendingamál á Vestfjörðum, sem lokaverkefni þeirra í stjórnunarnámi Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Verkefnið skiptist í tvo hluta, annars vegar eftirlitsáætlun fyrir lögregluna á Vestfjörðum í útlendingamálum og hins vegar handbók til handa lögreglumönnum við útlendingaefirlit. Verkefnið var kynnt fyrir öllum lögreglustjórum á Vestfjörðum í maí 2005 og var ákveðið að nýta það sem grunn að eftirlitsáætlun og handbók til handa lögreglunni á Vestfjörðum í málaflöknum. Margt vekur athygli við lestur verkefnisins og má þar nefna ýmsar niðurstöðutölur s.s. hversu margir erlendir ferðamenn heimsækja Vestfirði. Niðurstöðutölur í verkefninu eru frá árinu 2004 og eru reiknaðar sem hlutfall ferðamanna sem fara um Leifsstöð á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst. Þannig er áætlað að 37,9 % ferðamanna sem komu til Íslands á tímabilinu hafi sótt Vestfirði heim. Lætur nærri að það sé rúmlega 66.000 ferðamenn af tæplega 167 þúsund erlendra ferðamanna sem heimsóttu landið á tímabilinu. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem íbúa í umdæminu er hátt. Þannig var hlutfallslega mestur fjöldi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Flateyri árið 2004 eða 35 % íbúa. Í maí 2005 voru skráð 364 atvinnuleyfi til útlendinga í umdæminu. Flest þessi leyfi eru vegna vinnu við fiskvinnslu. Eftirlit lögreglu með útlendingum er viðhaft á ýmsa vegu, t.a.m. er farið í fyrirtæki þar sem útlendingar starfa og starfsmannalisti borinn saman við útgefin dvalar- og atvinnuleyfi. Eftirliti með útlendingum er einnig sinnt meðfram hefðbundnu eftirliti s.s. við eftirlit með umferð. Þá er persónueftirliti sinnt við komur erlendra skipa og flugvéla til landsins og áhafnar- og farþegalistar athugaðir í samræmi við reglur Schengen samningsins. Í umdæminu er Ísafjarðarhöfn ein hafna "ytri landamærastöð" skv. Schengen samningnum. Ljóst er að eftirlit með útlendingum er ört vaxandi þáttur innan verksviðs lögreglunnar og mikilvægt að vel sé haldið á með skipulögðu eftirliti. Engin hælisbeiðni kom inn á borð lögreglu árið 2005.

1.4. Eftirlit lögreglunnar á Ísafirði með vörslu skotvopna og skotfæra

Þann 29. nóvember 2004 setti lögreglustjórinn á Ísafirði reglur um geymslu skotvopna og skotfæra. Reglurnar eru grundvallaðar á 33. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 787/1998 sbr. 23. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Til þess að samræmis sé gætt milli lögsagnarumdæma voru reglurnar, í megindráttum, byggðar á reglum sem aðrir lögreglustjórar höfðu sett í sínum lögsagnarumdæmum. Þar var helst litið til reglna lögreglustjórans í Reykjavík og lögreglustjórans í Keflavík. Þá voru samhliða settar verklagsreglur um eftirlitið.

Í umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði eru 74 einstaklingar sem eiga 4 skotvopn eða fleiri. Samtals eiga þessir einstaklingar 404 skotvopn. Stefnt var að því að fyrir árslok 2005 væri búið að heimsækja og taka út vopnageymslur hjá öllum þeim sem í ársbyrjun áttu 4 skotvopn eða fleiri. Markmið þetta náðist ekki og er helst að kenna um mikilli manneklu sem hrjáði embættið árið 2005.



1.5. Menntun

Enn sem fyrr var lögð mikil áhersla á menntun lögreglu og luku tveir stjórnendur lögreglunnar til viðbótar námi sínu í stjórnun frá Lögregluskóla ríkisins, en markmiðið er að allir stjórnendur í lögreglunni hljóti þessa menntun. Þá fór varðstjóri í vinnuferð í þrjá mánuði til lögreglunnar í Kaupmannahöfn, eins og raunar var gert á árinu 2004. Fíkniefnahundurinn Dofri fór ásamt þjálfara sínum á nokkur námskeið og hlaut starfsleyfistúttekt í maí 2005 og lauk námskeiði við fíkniefnaleit á fólki í nóv 2005.

Haldið var námskeið í LÖKE á Ísafirði og er til mikillar fyrirmyndar þegar námskeið eru færð í hérað. Löglærður fulltrúi lögreglustjóra lauk þriggja eininga námi í mannauðsstjórnun sem kennt var í fjarnámi frá Háskólanum á Akureyri í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Eyþór Eðvarsson hélt námskeið um þjónustumenningu og gæði í þjónustu, en námskeiðið var sérstaklega sniðið að þörfum lögreglunnar á Ísafirði. Lögreglumaður var sendur á vinnufund um áfallahjálp á landsvísu, lögreglumaður fór á eigin vegum á námskeið í stjórnun leitaradgerða á landi, með stuðningi embættisins og fleira mætti telja.

Lögreglan fór í tveggja daga ferð í Reykjanes á haustmánuðum 2005, þar sem æfðar voru aðgerðir í tengslum við fíkniefnaeftirlit, leit og handtökur. Ferðin var afar gagnleg og skemmtileg og lagði grunninn að átaki sem farið var í í ársbyrjun 2006 og verður væntanlega til umfjöllunar í næstu ársskýrslu. Öðrum lögregluliðum á Vestfjörðum var boðin þátttaka.

1.6. Forvarnir

Gamla apótekið á Ísafirði, sem er vímuefnalaus kaffi- og menningarhúss ungs fólks á norðanverðum Vestfjörðum, fyrir aldurinn 16 ára +, hefur notið stuðnings embættisins frá því að það var sett á laggirnar á árinu 2000, með aðkomu lögreglufulltrúa að starfinu. Í febrúarmánuði árið 2005 skrifaði stjórn Gamla apóteksins undir samning við bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar, sem tók þá við rekstri Gamla apóteksins, og má þannig segja að þessu þrjúþætta takmarki stjórnarinnar hafi verið náð með undirritun þessa samnings. Á árinu 2005 voru bókaðir 68 fundir eða fyrirlestrar vegna forvarnarkerfna, sem lætur nærri að lögreglan mæti í 5 til 6 skipti í hverjum mánuði á slíkan fund eða fyrirlestur.

Umferðarskólinn var haldin fyrir elstu börnin í leikskólum Ísafjarðarbæjar og Súðavík dagana 16. til 19. maí 2005. Farið var yfir umferðarreglur, hvar börnin eiga að vera við leik og hvers ber að varast. Farið var í vettvangsferðir og lögreglustöðin og slökkvistöðin skoðuð, þar sem börnin fengu meðal annars að skoða sjúkrafreiðar. Þetta er í annað skiptið sem umferðarskólinn er haldinn með þessum hætti hjá lögreglunni á Ísafirði. Áberandi munur er á að heimsækja börnin í grunnskólann að hausti eftir að þau hafa fengið þessa fræðslu.



Sólsetur við Pollinn á Ísafirði

1.7. Lögreglumál

Alls voru 113 mál send frá lögreglustjóranum á Ísafirði til Héraðsdóms Vestfjarða. Þar af voru gefnar út ákærur í 44 málum. Flestar ákæurnar, flest er varða minniháttar líkamsárásir, ölvunarakstur og fíkniefnalagabrot. Alls voru 69 sektarboð send héraðsdómi til dómsáritunar.

Úrskurðir í þágu rannsóknar opinberra mála er mikilvægt rannsóknarræði, bæði hvað varðar rannsókn á því hvort refsiverð háttsemi hafi verið framin og hins vegar umfang brots. Lögreglustjórinn á Ísafirði lagði fram 10 kröfur um úrskurði í þágu rannsóknar opinberra mála á árinu 2005. Þar á meðal voru kröfur um húsleitir og kröfur um skýrslutöku af barni undir 18 ára aldri.

Á árinu 2005 voru sendar út 28 sektargerðir og um áramótin voru 9 þeirra greiddar. Fimm sektargerðir voru niðurfelldar og leiddu 3 til útgáfu ákæru en aðrar hlutu aðra afgreiðslu. Ógreiddar sektargerðir fara til innheimtu og hefur verið samið við flesta um reglulegar niðurgreiðslur á sektunum.

2. Almenn umboðsstörf

2.1. Þinglýsingar

Þinglýsingar voru með svipuðum hætti og fyrr. Þinglýstum fasteigna- og skipaskjölum fækkaði heldur en bifreiðaskjölum, öðrum skjölum og aflýsingum fjölgaði. Nú er svo komið að flestar eignir sem enn eru óstaðfestar í skráningargrunni Fasteignamat ríkisins eru svokallaðar misræmiseignir, þar sem óljóst er um einhverja þá þætti sem fyrir þurfa að liggja til að fasteign hljóti staðfestingu í skrána.

2.2. Sifjamál

Alls voru 98 sifjamál til meðferðar hjá embættinu árið 2005 og var 56 þeirra lokið með efnislegri niðurstöðu. Ekki er að merkja sérstaka breytingu á milli ára í einstaka málaflokki. Sifjamál eru án efa einn erfiðasti málaflokkur embættisins. Í árslok 2005 var 42 málum ólokið og er það töluverð aukning frá árslokum 2004.

2.3. Aðfarargerðir

Alls bárust 532 nýjar aðfararbeiðnir á árinu 2005 en til meðferðar voru 758 beiðnir. Fyrirtökur aðfarargerða eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og fyrirtökur samkvæmt lögregluboðun þriðjudaginn þar á eftir. Almennt láta menn til segjast eftir símtal frá lögreglu um að nærveru þeirra sé óskað við fyrirtöku og kemur það því sjaldan fyrir að menn eru fluttir með lögregluvaldi til fyrirtöku þó það sé ekki óþekkt.

2.4. Nauðungarsölu

Á árinu 2005 voru 18 fasteignir seldar nauðungarsölu hjá embættinu og er það töluverð fækkun frá árunum 2003 og 2004. Af 134 málum sem komu til meðferðar var 113 málum lokið þannig að gerðarþolar fengu nauðungarsölu afturkallaða með samkomulagi við gerðarbeiðendur.

Á árinu 2005 voru haldin tvö lausafjáruppboð og ber þar hæst uppboð á lausafjármunum í eigu þrotabús Sindrabergs ehf. þar sem 65 munir voru skráðir til sölu og óhætt er að segja að handgangur hafi verið í óskjunni við uppboðið þar sem fjöldi manns mætti og gerði góð kaup.

3. Innheimta opinberra gjalda

Innheimtuárangur batnaði varðandi staðgreiðsluskil á árinu 2005, en versnaði varðandi virðisaukaskatt. Skýringin er einfaldlega sú að erfiðlega gengur að ljúka skiptum þrotabúa. Um fáa einstaklinga og fyrirtæki að ræða sem valda því að innheimtuárangur reiknast með þessum hætti. Alls voru 14 gjaldþrotáurskurðir á árinu – samanborið við 2 á árinu 2004. Á árinu var beitt þeim úrræðum sem embættið hefur til innheimtu, 7 fyrirtæki voru innsigluð á árinu, klippt var af 6 bifreiðum, en flestir gengu frá sínum málum áður en til lokanna kom. Eins og fyrr eru áætlanir helsta vandamál við innheimtu. Ljóst má vera að innheimtuárangur er alls ekki viðunandi og því þarf að gera enn betur á árinu 2006.

4. Tollur

Starfsemi tolls var töluverð á árinu. Sérstaka athygli vakti hversu mikil áhrif fjölgun skemmtiferðaskipa hafði á starfsemi tolls og lögreglu. Nýverið var verklagsreglum um eftirlit með skemmtiferðaskipum breytt og má vænta minni umsvifa tolls og jafnframt minni aukatekna vegna þessa á árinu 2006.

5. Tryggingastofnun

Starfsemi tryggingaumboðs var með svipuðum hætti og fyrra ár. Úrskurðum fjölgaði heldur í tengslum við sjúkratryggingar, en fækkaði í lífeyrisdeild. Vinnuálag jókst þó mikið á árinu vegna nýs tölvubúnaðar, tekjuáætlana, endurreiknings og upplýsingjafa lífeyrigreiðslna. Komum lífeyrisþega á skrifstofuna fjölgaði umtalsvert við þessar breytingar. Brýnt er að bæta úr aðstöðu fyrir þá sem bíða eftir afgreiðslu hjá tryggingaumboði og hefur verið óskað eftir tillögum frá Albínu Thordarson, arkitekt vegna þessa.

II. Tölulegar upplýsingar

1. Lögreglan

Á síðasta ári var ný útgáfa af lögreglukerfum LÖKE tekin í notkun. Önnur skilgreining er á talningum ýmissa atriða í tölfræðinni þar. Því sveigjum við okkur að þeirri talningu sem þar er. Jafnframt því að byrja nýjar talningarafferðir, birtum við formið eins og það var í síðustu ársskýrslu og fellum nýju talningarnar inn í þann ramma sem fyrir var.

Nokkrir brotaflokkar – viðmið milli ára		2003	2004	2005
1506	Líkamsárás, (217)	20	18	30
1507	Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	0	2	12
1508	Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	0	0	4
1801	Innbrot	3	2	13
1851	Þjófnaður (244)	31	27	41
2101	Eignaspjöll (minni 257.1)	32	35	36
2103	Nytjastuldur (259.1)	0	3	4
3851	Fíkniefni - dreifing, sala	9	6	2
3853	Fíkniefni - varsla, neysla	13	8	9
3879	Ýmis fíkniefnabrot	2	4	9
3854	Fíkniefni - framleiðsla		1	1
7046	Afstunga (10. gr.)	7	19	23
7303	Of hraður akstur	275	171	180
7410	Ölvun við akstur (45. gr.)	19	24	32
7426	Sviptur ökurétti (48. gr.)	3	0	4
7428	Án ökuskrteinis(48. gr.)	26	10	21
7551	Án öryggisb. (71. gr.)	23	15	23
7991	Umferðaróhapp, eignatjón	71	80	112
8204	Slys - mannlát	1	2	0
8205	Slys - líkamstjón	20	16	34
9805	Ekið á búfé	8	2	8
Samtals		566	448	604



Dýrafjörður

Leyfisveitingar:

Skýringar	2003	2004	2005
Ökuréttindi			
Umsóknir um ökuskírteini	409	435	501
Æfingaaksturs- og leiðbeinendaleyfi	165	99	278
Vegabréf			
Útgefin vegabréf	346	477	476
Skoteldar			
Leyfi til sölu skotelda	5	5	6
Skoteldasýningar	7	7	9
Brennuleyfi	10	15	15
Skotvopnaleyfi			
Skotvopnanámskeið – flokkur A	13	7	9
Aukin skotvopnaréttindi – flokkur B	12	14	26
Aukin skotvopnaréttindi – flokkur D	0	0	2
Endurnýjun skotvopnaleyfis	12	22	10
Heimild til að eignast skotvopn	56	59	74
Alþjóðlegt innflutningsleyfi skotvopna	0	0	1
Leyfi til að flytja vopn úr landi	0	0	1
Samþykktar vopnageymslur	0	0	39
Ýmis önnur leyfi			
Útgefin meistarabréf	3	4	4
Útgefin sprengileyfi	3	2	0
Leyfi til að kaupa sprengiefni	0	7	6
Leyfi til flutnings á sprengiefni	14	20	24
Önnur flutningsleyfi	3	6	12
Veitinga- og gististaðir	9	20	29
Gisti- og hótelleysi	4	8	12
Skemmtanaleyfi	94	74	55
Samtals útgefin leyfi	1165	1281	1589

Haldlögð fíkniefni

Ár 2003

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	9	339,33	
Kannabis	Maríhúana	1	0,38	
Kannabis	Blandað	7	2,38	
Kannabis	Fræ			
Ofskynjun	Sveppir			
Örvandi	E-pillur			
Örvandi	Kókaín			
Örvandi	Amfetamín	1	2,25	
Ripp fuel	Töflur	1		1
Óþekkt	Óskilgreint	2	32,42	
Samtals:		21	376,76	1

Ár 2004

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	5	114,91	
Kannabis	Maríhúana	1	0,09	
Kannabis	Blandað			
Kannabis	Plöntur	6	2,90	2
Ofskynjun	Sveppir			
Örvandi	E-pillur			
Örvandi	Kókaín			
Örvandi	Amfetamín	2	3,01	
Ripp fuel	Efedrin töflur	1		47
Óþekkt	Óskilgreint	1	2,49	
Samtals:		16	123,40	51

Ár 2005

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	3	26,97	
Kannabis	Maríhúana	1	4,94	
Kannabis	Blandað	3	0,93	
Kannabis	Plöntur	1	1,98	
Ofskynjun	Sveppir	1	0,70	
Örvandi	E-pillur			
Örvandi	Kókaín	1	11,89	
Örvandi	Amfetamín			
Ripp fuel/ töflur	Efedrin töflur	0	0	
Óþekkt	Óskilgreint	1	0,15	3,00
Samtals:		11	47,56	3,00

Málafjöldi	2004	2005
Málaflokkur	Dagbók	Málaskrá
Hegningarlagabrot	40	196
Sérrefsilagabrot	84	192
Umferðarlagabrot	101	624
Verkefni	826	2025
Skylduverk	7	69
Samtals	1058	3106

Fangageymslur lögreglunnar			
	Karlar	Konur	Samtals
2002	93	9	102
2003	71	12	83
2004	66	14	80
2005	77	15	92

Akstur bifreiða lögreglunnar			
	2003	2004	2005
Kílómetrar	137.789	121.692	126.648

Sektarboð áráanna 2002 til 2005

Sektarboð	2002	2003	2004	2005
Útsend sektarboð:	589	683	377	260
Greidd sektarboð:	455	500	268	218
Dómsáritun:	75	94	31	26
Ákæra-dómur:	0	4	3	1
Ógr. f/ afsláttardag:	0	5	1	0
Í ítrekun:	13	6	37	4
Ógr. e/afsláttardag:	46	74	37	11

2. Almenn umboðsstörf

2. 1. Þinglýsingar

Skýringar:	2003	2004	2005
Þinglýst fasteignaskjöl	1622	1697	1515
Þinglýst bifreiðaskjöl	231	249	300
Önnur skjöl	38	65	85
Bátar og skip	339	426	378
Aflýst skjöl	820	1140	1520

2.2. Aðfarargerðir

Skýringar:	2003	2004	2005
Nýjar beiðnir	622	587	532
Beiðnir alls til meðferðar	815	755	758
Beiðnum alls lokið	647	529	467
Beiðnum ólokið	168	226	291

2.3. Nauðungarsölur

Fasteignir og skip

Skýringar:	2003	2004	2005
Nýjar beiðnir	151	122	127
Alls til meðferðar	180	148	134
Seldar eignir	35	30	18
Lokin mál	100	132	113
Ólokin mál	26	7	3

Lausafé

Skýringar:	2003	2004	2005
Nýjar beiðnir	14	7	6
Alls til meðferðar	18	11	8
Seldar eignir	0	3	2
Lokin mál	11	5	5
Ólokin mál	4	2	1

2.4. Sífjamál

Skilnaðarmál

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	16	21	25
Alls til meðferðar	18	24	26
Afgreidd mál alls	15	23	15
Óafgreidd mál um áramót	3	1	11

Sambúðarslit

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	17	8	6
Alls til meðferðar	18	12	6
Afgreidd mál alls	14	12	6
Óafgreidd mál um áramót	4	0	0

Faðernis og meðlagsmál

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	10	18	13
Alls til meðferðar	10	18	13
Afgreidd mál alls	10	18	8
Óafgreidd mál um áramót	0	0	5

Almenn meðlagsmál

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	6	16	9
Alls til meðferðar	8	18	14
Afgreidd mál alls	6	13	6
Óafgreidd mál um áramót	2	5	8

Forsjár og meðlagsmál

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	8	13	8
Alls til meðferðar	10	18	9
Afgreidd mál alls	9	17	6
Óafgreidd mál um áramót	1	1	3

Umngennismál

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	9	12	11
Alls til meðferðar	9	17	17
Afgreidd mál alls	4	11	9
Óafgreidd mál um áramót	5	6	8

Mál skv. 62. gr. barnalaga (menntunarframlag)

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	4	7	5
Alls til meðferðar	4	7	7
Afgreidd mál alls	4	5	3
Óafgreidd mál um áramót	0	2	4

Mál skv. 60. gr. barnalaga (framlag vegna ferminga og flr.)

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	9	5	6
Alls til meðferðar	9	7	6
Afgreidd mál alls	7	7	3
Óafgreidd mál um áramót	2	0	3

2.5. Dánarbú

Skýringar	2003	2004	2005
Ný mál	21	28	30
Alls til meðferðar	35	45	40
Skiptalok	16	28	17
Leyfi til setu í óskiptu búi	3	7	9
Skiptum ólokið um áramót	16	10	14

2.6. Hjónavígslur

Skýringar	2003	2004	2005
Hjónavígslur samtals	3	3	5

2.7. Lögbókandagerðir

Skýringar	2003	2004	2005
Erfðarskrá	2	5	9
Kaupmálar	4	4	5
Önnur skjöl og gerðir	31	20	16
Skráðir kaupmálar	0	0	5

2.8. Leyfi fyrir sölu skotelda

Skýringar	2003	2004	2005
Leyfi fyrir sölu skotelda	5	5	6
Leyfi fyrir skoteldasýningum	7	7	9
Brennuleyfi	10	15	16

2.9. Ýmis önnur leyfi

Skýringar	2003	2004	2005
Útgefin meistarabréf	3	4	4
Útgefin sprengileyfi	3	2	0
Eiturefnaleyfi	1	1	1

3. Innheimta

Innheimtuárangur Staða miðað 1.1.2006

Skýringar:	2003	2004	2005
Staðgreiðsla	99,67%	96,90%	97,4%
Virðisaukaskattur	97,28%	97,38%	96,6%
Opinber gjöld	83,40%	71,60%	77,3%

4. Tollur

Skýringar	2004	2005
Pappírsskýrslur	90	61
EDI- og VEF afgreiðslur	138	143
Samtals:	228	204

Skipaafgreiðslur

Skýringar	2004	2005
Innafgreiðslur skipa	26	25
Útafgreiðslur skipa	19	17
Samtals:	45	42

Flugafgreiðslur

Skýringar	2004	2005
Innafgreiðslur flugvéla	26	16
Útafgreiðslur flugvéla	44	18
Samtals:	70	34

SMT / sía

Skýringar	2004	2005
Óskað eftir skjölum	25	18

Vöruskoðun

Skýringar	2004	2005
Vöruskoðanir	14	18

Skemmtiferðaskip

Skýringar	2004	2005
Fjöldi skipa	16	20
Vaktstaða um borð /klst	267	343

Farmskrá

Skýringar	2004	2005
Nýskráningar	30	15
Umskráningar, uppskiptingar og breytingar	27	19

Skýrslur

Skýringar	2004	2005
Förgun, tjón, vöntun	1	1
Tollalagabrot	5	2
Lögskráningarbrot	5	0
Aðrar skýrslur	0	0
Samtals:	11	3

Útgefin og endurnýjuð atvinnuskírteini

Skýringar	2004	2005
Útgefin og endurnýjuð skipstjórnarskírteini	31	48
Útgefin og endurnýjuð vélstjórnarskírteini	35	37

Haldlagt

Skýringar	2004	2005
Áfengi (<i>sterkt</i>)	10 lítr.	0
Áfengi (<i>létt</i>)	0	0
Bjór	120 lítr.	0
Annað	0	0

Endurskoðun

Skýringar	2004	2005
Fjöldi fyrirtækja	10	0
Fjöldi skýrslna	148	0
Fjöldi athugasemda	55	0
Gjöld til lækkunar / kr	-45.262	0
Gjöld til hækkunar / kr	692.416	0

Annað

Skýringar	2004	2005
Áfengi og tóbak afgreitt úr tollfrjálsri birgðageymslu	8	8

5. Umboð tryggingastofnunar á Ísafirði

Afgreiddir reikningar í sjúkratryggingum

Skýringar	2004	2005
Afgreiddir reikningar	2.187	2.327
Afgreidd E-111 vottorð	53	75
Úrskurðaður ferðakostnaður	266	336

Úrskurðir í lífeyrisdeild


Skýringar	2004	2005
Fjöldi úrskurða	940	835
Fæðingarorlofsúmsóknir	65	40

Greiðsla vegna lífeyrstrygginga og flr.

Skýringar	2004	2005
Greiðslur vegna lífeyrstrygginga	394.522.654	410.656.792
Félagsleg aðstoð lífeyrstrygginga	138.795.765	109.212.070
Slysatryggingar	1.511.200	1.323.960
Vistunarframlag		21.790.206
Samtals	534.859.619	542.983.028

Greiðslur vegna sjúkratrygginga

Skýringar	2004	2005
Greiddir sjúkradagpeningar	2.642.112	2.691.012
Tannlæknakostnaður	14.602.908	13.250.771
Ferðakostnaður sjúklinga	11.208.709	14.175.691
Endurgreiðsla vegna afsláttarkorta	181.859	156.219
Ferðakostnaður vegna dvarlarkostnaðar		30.560
Samtals	28.635.588	30.304.253



Fíkniefnahundurinn Dofri við störf.



Frá æfingu lögreglumanna í Reykjanesi

Lokaorð

Ársskýrslan er sett fram í þeim tilgangi að gefa raunsanna mynd af starfsemi ársins 2005, bæði því sem vel gekk en einnig því sem bætur mætti fara. Skýrslan er einnig mikilvægt gagn í þeirri stefnumótun sem framundan er, með sameinuðum lögregluliðum á Vestfjörðum. Ávallt ber að hafa í huga að markmið okkar er að efla þjónustu við borgarana á sem hagkvæmastan máta og leitast við að tryggja öryggi og velferð þeirra sem í umdæminu búa.